

**Umsögn stjórnar Bókmenntasjóðs um  
frumvarp til laga  
um breytingu á lögum um bókmenntasjóð og fleira, nr. 91/2007 (Miðstöð  
íslenskra bókmennta).**

15. október 2012

**Með vísan í Þingskjal 110 – 110. mál  
Sendandi umsagnar: Stjórn Bókmenntasjóðs**

Stjórn Bókmenntasjóðs fagnar nýju frumvarpi um breytingar á lögum um Bókmenntasjóð og fleira. Frumvarpið styrkir enn frekar starf Bókmenntasjóðs að bókmenntakynningu erlendis og festir í sessi eftirfylgni við það starf sem unnið var við undirbúning að þátttöku Íslands í bókasýningunni í Frankfurt am Main árið 2011, verkefnisins Sögueyjan Ísland.

Stjórn Bókmenntasjóðs telur eigi að síður nauðsynlegt að áréttta að tryggt verði að fyrirhuguð Miðstöð íslenskra bókmennta hafi yfir nauðsynlegu fjármagni að ráða. Miðstöð íslenskra bókmennta og Bókmenntasjóður hafa afar fjölbreytt verkefni á sinni könnu, enda er megnið af beinum stuðningi íslenska ríkisins við íslenska bókmenningu kominn saman undir þessum eina hatti. Vakin er athygli á því að einn af fylgifyskum Sögueyjunnar Íslands og kraftmeiri starfsemi Bókmenntasjóðs á undanförunum árum er að stóraukin ásókn er í styrki til útgáfu á þýðingum íslenskra bóka erlendis. Á aðeins örfáum árum hafa fjármunir til þessa málaflokks margfaldast og íslenskar bækur eru nú þýddar á fjölda tungumála og koma út í sex heimsálfum. Kjarninn í áframhaldandi sókn íslenskra bókmennta er ekki síst að geta haldið áfram að styrkja útgefendur út um heim allan til að gefa út þýðingar íslenskra bóka og hvetja þá þannig til að kaupa útgáfurétt þeirra. Það er sú leið sem samsvarandi kynningarmiðstöðvar bókmennta í nágrennalöndum okkar hafa farið og er þungamiðja starfsemi þeirra. Um leið þarf að vera tryggt að aukin starfsemi og fjölgun starfsmanna komi ekki niður á styrkjum til þýðinga.

Eins og áður sagði hefur ásókn í styrki vegna þýðinga og kynningar erlendis aukist mikið síðan Bókmenntasjóður hóf að veita styrki árið 2008 en þá barst 31 umsókn um styrki til þýðingar á erlend mál (önnur en norræn tungumál). 15. október 2012 voru umsóknir sem borist höfðu á árinu 2012 orðnar 55 talsins og þó ekki liðinn síðasti af 6 umsóknarfrestum á árinu (sjá fylgiskjal með yfirliti yfir umsóknir og styrki til þýðinga og útgáfu heima og erlendis.)

Líklegt má telja að við lok árs 2012 muni umsóknum um þýðingar yfir á erlend mál hafa fjölgað um 100% á 4 árum. Það liggur ljóst fyrir að við því verði að bregðast með auknu fjármagni til þýðingastyrkja ef fylgja skal eftir velgegni við þýðingar og kynningu íslenskra bóka síðastliðinna ára. Sjá einnig yfirlit yfir alla styrki og úthlutanir Bókmenntasjóðs 2008–2011 hér: <http://bok.is/islenska/styrkumsoknir/uthlutanir/>

Þá er ótalin ymis annar stuðningur sem tengist viðgangi íslenskra bókmennta, svo sem stuðningur við þýðendur úr íslensku og við faglega umfjöllun fyrir erlenda aðila sem jafnan tilheyrir kjarnastarfsemi sambærilegra evrópskra og norrænna kynningarmiðstöðva. Stjórn Bókmenntasjóðs áréttar að starfsemin heima fyrir er undirstaða sóknar á erlendum vettvangi. Mikil þörf er fyrir stuðning við metnaðarfulla íslenska bókmenntaútgáfu á okkar litla málsvæði.

Styrkir til útgáfu og þýðinga innanlands drógust mjög saman frá því sem var hjá fyrirrennrum Bókmenntasjóðs, Menningarsjóði og Þýðingarsjóði. Heildarfjárhæð styrkja Bókmenntasjóðs til útgáfu og þýðinga á íslensku hefur lækkað frá stofnun sjóðsins og ef litið er til sjóðanna tveggja sem áður störfuðu, Menningarsjóðs og Þýðingarsjóðs, er lækkunin umtalsverð.

Metnaðarfullar áætlanir um áframhald verkefnsins Sögueyjan Ísland sem og nauðsynlegir styrkir til að hlúa að innviðum íslenskrar bókmenningar, nýsköpun á sviði bókmennta, útgáfu nauðsynlegra verka fyrir íslenskt málsamfélag, barnabóka sem og þýðinga öndvegisverka heimsbókmenntanna á íslensku, kalla á miklu öflugri stuðning en talað er um í umsögn fjármálaráðuneytis um frumvarpið. Ný lög kalla á virkan stuðning við málefni sem oft er haft á orði að standi sjálfsmynd íslensku þjóðarinnar nær en flest annað.

Stjórn Bókmenntasjóðs vill undirstrika þetta enn frekar með því að sýna fjárpörfina miðað við verkefni 2012 og 2013. Áætluð fjárpörf 2013 sýnir að þörf er á tugum milljóna til viðbótar við þá fjármuni sem nú renna til Bókmenntasjóðs árlega á fjárlögum.

#### Bókmenntasjóður – áætlun um styrki 2012

	Áætlun 2012
Útgáfustyrkir	14.000.000
Nýræktarstyrkir	1.000.000
Þýðingar á íslensku	10.000.000
Þýðingar úr íslensku	12.000.000
Kynningarþýðingar	600.000
Ferðastyrkir	2.000.000
Dvalarstyrkir þýðenda	600.000
Aðrir styrkir (+ aðrir ferðastyrkir)	300.000
<b>Samtals:</b>	<b>40.500.000</b>

#### Áætlun um styrki og bókmenntakynningu 2013

	Áætlun 2013
Útgáfustyrkir	20.000.000
Þýðingar á íslensku	15.000.000
Þýðingar úr íslensku	15.000.000
Kynningarþýðingar	600.000
Ferðastyrkir	4.000.000
Dvalarstyrkir þýðenda	1.000.000
Ýmis kynningarverkefni og aðrir styrkir	5.000.000
Rekstur og laun	25.000.000
<b>Samtals:</b>	<b>85.600.000</b>

F.h. stjórnar Bókmenntasjóðs,  
Gunnar B. Dungal, formaður.

Yfirlit yfir útgáfu-, þýðinga- og kynningarstyrki Bókmenntasjóðs

2008	Utgáfustyrkir	Nýræktarstyrkir	Þýðingar á íslensku	Þýðingar á erlend mál önnur en norræn	Athugasemd	Samtals kr.
Fjöldi umsókna	104	9	97	31		
Fjöldi styrkja	32	5	46	24		
upphæð beiðna um styrki	102.000.000	1.800.000	70.700.000			
upphæð veittra styrkja	13.000.000	1.000.000	11.850.000	6053000		31.903.000

2009	Utgáfustyrkir	Nýræktarstyrkir	Þýðingar á íslensku	Þýðingar á erlend mál önnur en norræn	Athugasemd	Samtals kr.:
Fjöldi umsókna	103	27	69	34		
Fjöldi styrkja	33	6	35	28		
beiðnir um styrki í kr.	82.700.000	5.400.000	42.700.000			
veittir styrkir í kr.	12.150.000	1.200.000	8.190.000	11516000		33.056.000

2010	Utgáfustyrkir	Nýræktarstyrkir	Þýðingar á íslensku	Þýðingar á erlend mál önnur en norræn	Athugasemd	Samtals kr.:
Fjöldi umsókna	97	39	59	57		
Fjöldi styrkja	27	5	28	53		
beiðnir um styrki í kr.	37.300.000	7.800.000	32.600.000	43.740.000	samanlagður áætlaður kostnaður við þýðingar	
veittir styrkir í kr.	10.450.000	1.000.000	12.780.000	8100000		32.330.000

2011	Utgáfustyrkir	Nýræktarstyrkir	Þýðingar á íslensku	Þýðingar á erlend mál önnur en norræn	Athugasemd	Samtals kr.:
Fjöldi umsókna	94	30	66	72		
Fjöldi styrkja	32	5	36	61	9 umsóknir færðar til 2012	
beiðnir um styrki í kr.	89.100.000	6.000.000	42.500.000	56.300.000	samanlagður áætlaður kostnaður við þýðingar	
veittir styrkir í kr.	13.000.000	1.000.000	10.550.000	17.200.000	9 umsóknir færðar til 2012	41.750.000

2012	Utgáfustyrkir	Nýræktarstyrkir	Þýðingar á íslensku*	Þýðingar á erlend mál önnur en norræn**	Athugasemd	Samtals kr.:
Fjöldi umsókna	92	23	26	34		
Fjöldi styrkja	28	5	14	38	9 umsóknir færðar frá 2011	
beiðnir um styrki í kr.	82.900.000	4.600.000	16.300.000	22.800.000	samanlagður áætlaður kostnaður við þýðingar	
veittir styrkir í kr.	14.000.000	1.000.000	5.300.000	9.715.000	9 umsóknir færðar frá 2011	30.015.000

\*15. mars 2012. Ekki innifalinn seinni úthlutun ársins, 1. nóv. 2012. Í úthlutunum 2.200.000 frá 2011

\*\* Staða á umsóknum 1. júl 2012